

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2376
komudagur 18.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
B.t. Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2010

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til samkeppnislaga (aukið aðhald og eftirlit), 572. mál.

I. Almenn

Vísað er til erindis háttvirtar viðskiptanefndar dagsett 29. apríl 2010 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til samkeppnislaga (aukið aðhald og eftirlit), 572. mál.

Félag atvinnurekenda telur að umrætt frumvarp sé til mikilla bóta. Telur félagið að með því sé stigið mikilvægt skref í að bæta íslenska samkeppnislöggjöf. Félagið telur hins vegar að ganga megi lengra á þessu sviði. Félagið vill því koma á framfæri nokkrum ábendingum.

II. Ábendingar

Í upphafi er mikilvægt að það komi fram að þrátt fyrir skýr markmið frumvarpsins um aukið aðhald og eftirlit verður ekki séð að hækka eigi fjárveitingar til Samkeppniseftirlitsins á sama tíma. Afgreiði viðskiptanefnd Alþingis frumvarpið í núverandi mynd ber henni skylda til að sjá til þess að hægt sé að hrinda efni þess í framkvæmd. Það er alveg ljóst að langur málsmeðferðartími Samkeppniseftirlitsins og forgangsröðun verkefna hefur í för með sér verulegt tjón fyrir íslenskan almenning. Umrætt tjón samfélagsins er langt umfram þann kostnað sem íslenska ríkið hefði af því að bæta úr þessum vanda. Félagi atvinnurekenda er því fyrirmunað að skilja hvers vegna samkeppnisfyrirvöldum er gert að búa við fjársveltí. Starfsmenn samkeppniseftirlitsins afkasta langt umfram það sem með sanngirni má ætlast til af þeim. Hins vegar eru verkefni þeirra risvaxin og ljóst að þeir ná ekki að sinna öllu eins og þeir hefðu kosið og lög gera ráð fyrir. Það liggur í hlutarins eðli að veita ber Samkeppniseftirlitinu það fjármagn og þann lagagrundvöll sem nauðsynlegur er til að stofnunin geti gert enn betur í framtíðinni. Það er ljóst að öflug samkeppni þarf að vera hornsteinn í þeirri endurreisn íslensks viðskiptalífs sem framundan er.

Meðalhóf

Í 2. mgr. 16. gr. kemur fram um skiptingu:

„Þó er einungis heimilt að beita úrræðum til breytingar á skipulagi ef sýnt þykir að ekki sé fyrir hendi árangursríkt úrræði til breytingar á atferli eða þar sem jafnárangursríkt úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi aðila en úrræði til breytingar á skipulagi.“

Umrætt ákvæði er nokkuð almennt orðað og illa skilyrt. Það tiltekur t.a.m. ekki að hið árangursríka úrræði þurfi að vera raunhæft eða að það þurfi að ná sömu markmiðum og skipting félags. Í ljósi markmiða frumvarpsins og þeirrar grundvallar breytingar sem verið er að gera á heimildum til að skipta upp fyrirtækjum telur Félag atvinnurekenda rétt að skerpa á umræddu ákvæði. Með það fyrir sjónum að raunmarkmið ákvæðisins er að kveða á um að meðalhófs sé gætt við uppskiptingu fyrirtækja telur Félag atvinnurekenda rétt að það komi skýr fram. Leggur félagið því til að umrætt ákvæði verði fellt burt og í stað þess komi:


„Við beitingu úrræða skai gæta meðalhófs.“

Með þessari breytingu verður það skýrt að umræddum úrræðum verður einungis beitt þegar annað vægara úrræði sem nær sömu lögmætu markmiðum er ekki til staðar. Auk þessi skuli aldrei fara strangar í sakirnar en nauðsyn krefur. Hér er notast við þekkt og viðtekin hugtök sem er til þess fallið að auka á skýrleika ákvæðisins.

III. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
Páll Runar M. Kristjánsson
HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR

Páll Runar M. Kristjánsson hdl.
Yfirlögfræðingur Félags atvinnurekenda